

### Jafnréttisstefna Arion banka

Stefna Arion banka er að hámarka mannauð sinn með því að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsmanna af báðum kynjum og vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir konur jafnt sem karla. Hvers kyns mismunur á grundvelli kynferðis er í andstöðu við jafnréttisstefnu og jafnréttislög og er óheimil. Markmið stjórnenda Arion banka er að allt starfsfólk fái notið sín án tillits til kynferðis. Eftirfarandi atriði skulu höfð að leiðarljósi:

Laus störf í bankanum skulu standa konum jafnt sem körlum opin.

Kyn starfsmanns skal ekki hafa áhrif á tækifæri til starfsframa, starfsþjálfunar og endurmenntunar. Huga skal að kynjajafnvægi í nefndum og starfshópum til að njóta sjónarmiða beggja kynja.

Starfsmönnum skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu eftir því sem mögulegt er. Karlar jafnt sem konur skulu hvattir til að nýta fæðingarorlofsrétt sinn.

Lögð er áhersla á að kynna efni sem veitt getur innblástur til góðra verka í jafnréttismálum.

Kynferðisleg áreitni og einelti skal aldrei liðið.

Bankinn leggur áherslu á að starfsfólk allra starfseininga komi fram við hvert annað af virðingu og gæti jafnréttissjónarmiða í hvívetna.

Bankinn hefur sett sér jafnlaunastefnu til að tryggja jöfn kjör starfsmanna.

### Jafnlaunastefna

Það er stefna Arion banka að fylgja jafnréttislögum nr.10/2008 og öllum öðrum reglum og lögum um að konum og körlum sé ekki mismunað og að einstaklingar skulu fá greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

Til þess að styðja við jafnlaunastefnuna, fer bankinn eftir íslenska staðlinum ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi en samkvæmt staðlinum skulu launaviðmið vera fyrirfram ákveðin og hvorki fela í sér beina eða óbeina kynbundna mismunur, né heldur mismunur á grundvelli annara þátta svo sem kynþáttar, kynhneigðar, trúarbragða eða þjóðernis. Stefna þessi skal ná til alls starfsfólks.

Til þess að tryggja eftirfylgni og stöðugar umbætur, skuldbindur bankinn sig til að setja sér jafnlaunamarkmið og láta framkvæma launagreiningar, innri og ytri úttektir, rýna niðurstöður úttekta og gera umbætur þegar þess er þörf.

27. mars 2015



Höskuldur H. Ólafsson  
CEO